

Miðvikudaginn 24. maí 1944.

Nr. 123/1943. Réttvisin og valdstjórnin (Egill Sigurgeirsson)
gegn

Kristínu Arnbjörgu Bogadóttur

og

Soffíu Guðbjörgu Þórðardóttir

(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Brot á ákvæðum um verzlun. Brot gegn valdstjórn.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó svo, að vararefsing hvorrar hinnar kærðu verði 12 daga varðhald.

Kærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, krónur 500 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo að vararefsing hvorrar hinnar kærðu verði 12 daga varðhald, ef sekt greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðu, Kristín Arnbjörg Bogadóttir og Soffía Guðbjörg Þórðardóttir, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Guðmundar Í. Guðmundssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 20. sept. 1943.

Ár 1943, fimmtudaginn 30. september, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var af hinum reglulega dómara Jónatan Hallvarðssyni sakadómara í skrifstofu hans, uppkveðinn dómur í málinu, nr. 2306—2307/1943: Réttvisin og valdstjórnin gegn Kristínu

Arnbjörgu Bogadóttur og Soffiu Guðbjörgu Þórðardóttur, sem tekið var til dóms 15. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn ungfrú Kristínu Arnbjörgu Bogadóttur Öldugötu 9 og ungfrú Soffiu Guðbjörgu Þórðardóttur Eiríksgötu 27 hér í bæ fyrir brot gegn XII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og lögum um verðlag nr. 3 1943.

Ákærða Kristín er komin yfir lögaldur sakamanna, fædd 2. des. 1908, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Ákærða Soffia er komin yfir lögaldur sakamanna, fædd 5. febrúar 1912, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Tildrög máls þessa eru þau, að þann 20. apríl 1943 gaf verðlagsstjórnin út tilkynningu um hámarksverð og hámarksálagningu á vinnu klæðskeraverkstæða, hraðsaumastofa og kjólasaumastofa. Ákvæðin gengu í gildi 7. maí s. á., að því er snerti kjólasaumastofur, og máttu þær reikna sér saumalaun þannig:

1. Fyrir að sauma dag- og kvöldkjóla, slétta, allt að kr. 50.00.
2. Fyrir að sauma dag- og kvöldkjóla með mismunandi eða dýrri handavinnu allt að kr. 40.00—80.00.
3. Fyrir að sauma samkvæmiskjóla, slétta, allt að kr. 75.00.
4. Fyrir að sauma samkvæmiskjóla með mismunandi mikilli handavinnu allt að kr. 60.00—120.00.

Jafnframt var svo ákveðið, að saumaverkstæði, sem óski að sauma kvenfatnað, sem vegna mikillar eða dýrrar handavinnu krefst hærri saumalauna en nefnd hafa verið, þyrfti að fá til þess sérstök leyfi, sem fengjust aðeins, ef ákvæðin skilyrði yrðu uppfyllt, og skyldu umsóknir sendar fyrir 1. maí s. á.

Hinar ákærðu hafa undanfarið rekið saumastofuna „Kjöllinn“ Þingholtsstræti 3 hér í bæ. Hefur saumastofan aðallega framleitt kjóla bæði á lager og eftir máli, og hafa starfað þar að jafnaði á veturna 10—11 saumastúlkur. Hefur saumastofan haft opna sölubúð í sambandi við verkstæðið. Þegar fyrrgreind verðlagsákvæði gengu í gildi, hættu ákærðu strax að selja þær vörur, er saumastofan framleiddi eða hafði framleitt. Ástæðan til þessa var sú, að ákærðu töldu, að hámarksákvæðin um saumalaun væru svo lág, að framleiðslan svaraði ekki kostnaði, ef fara ætti eftir þeim. Töldu hinar ákærðu sig því ekki geta selt vöru sína með hinu gildandi hámarksverði, en þær myndu selja hana, ef verðlagsákvæðin breyttust þannig, að þær gætu við unað.

Þann 8. maí, eða daginn eftir að hámarksákvæðin gengu í gildi, komu eftirlitsmenn frá verðlagsstjóra í saumastofuna til þess að gera birgðakönnun, en báðar hinar ákærðu synjuðu eftirlitsmönnum um aðgang að birgðunum, þar sem saumastofan væri hætt störfum, og fóru eftirlitsmennirnir við svo búið.

Samkvæmt úrskurði voru svo kjólabirgðir saumastofu ákærðu kannaðar þann 27. maí, og reyndust þær vera 96 kjólar, verðlagðir frá 135—490 krónur stk., auk nokkurra óverðlagðra.

Hinar ákærðu áttu þess kost, samkvæmt tilkynningu verðlagsstjóra frá 20. apríl að sækja um hærri saumalaun fyrir kjóla með mikilli og dýrri handavinnu, en þær segjast ekki hafa notað sér þessa heimild, vegna þess að þar sé einungis talað um, að undanþága verði gefin vegna handavinnu, en oft sé mjög mikil vélavinna við kjólana.

Hinn 31. maí sóttu ákærðu þó til verðlagsstjóra um sérstaka verðlagningu á kjólum saumastofunnar, og með bréfi 12. júní s. l. setti hann reglur þar að lútandi. Samkvæmt þeim mátti yfirleitt taka hærri saumalaun en ákveðið var í tilkynningunni frá 20. apríl.

Hinn 17. júní s. l., opnuðu ákærðu saumastofu sína að nýju og hófu þá sölu á kjólum þeim, sem fyrirbyggjandi voru hinn 7. maí, en á tímabili því, sem lokað var, höfðu þeir ekki verið látnir falir.

Hinum ákærðu var heimilt að hætta sölu á þeim kjólum, er þær áttu fyrirbyggjandi þann 7. maí, ef tilgangurinn var sá að hafa vörurnar ekki framar á boðstólum sem verzlunarvöru eða að selja hana ekki hærra verði en tilkynningin frá 20. apríl leyfði, en í framburði sínum hafa þær viðurkennt, að þær hafi ætlað að selja kjóla þessa, ef verðlagsákvæðin breyttust þannig að þær gætu við unað, þ. e. a. s. ef þær fengju hærra verð, enda hefur svo reynzt, þar sem þær hafa nú boðið fram kjóla þessa til sölu og selt nokkra þeirra á því verði, er verðlagsstjóri ákvað þann 12. júní, en það var yfirleitt hærra en samkvæmt tilkynningunni frá 20. apríl. Hinar ákærðu hafa þannig á greindu tímabili haldið vörum úr umferð í því skyni að fá hærra verð fyrir þær síðar og hafa með því brotið gegn 4. gr. laga um verðlag nr. 3 frá 13. febr. 1943, og getur það ekki leyst þær undan refsingu, þó framleiðsluverð einstakra kjóla kunni að hafa numið hærri upphæð en hægt var að selja þá á samkvæmt verðlagsreglunum, enda áttu þær þess kost, að fá úrskurð um sérstaka verðlagningu fyrir gildistöku almennu verðlagsákvæðanna, svo sem áður greinir.

Eins og málsatvikum hefur verið lýst hér að framan, verður eigi talið, að hinar ákærðu hafi með framferði sínu brotið gegn XII. kafla alm. hegningarlaga, þar sem þær hindruðu ekki eftirlitsmennina að gegna skyldustörfum sínum með neinum verknaði, heldur báru einungis fram munnlega neitun um, að þeir framkvæmdu birgðakönnun, og ber því að sýkna þær af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Fyrir framangreint brot á verðlagslögjöfinni þykir refsing hvorrar hinnar ákærðu samkvæmt 2. mgr. 9. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 500 króna sekt til rikissjóðs, og komi varðhald í 20

daga í stað sektar hvorrar þeirra, séu sektirnar ekki greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hinar ákærðu ber að dæma til að greiða in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hrl. Guðmundar Í. Guðmundssonar, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærðu, Kristín Arnbjörg Bogadóttir og Soffía Guðbjörg Þórðardóttir, eiga að vera sýknar af ákæru réttvísinnar í máli þessu, en greiði hvor fyrir sig fyrir brot gegn 4. gr. laga um verðlag nr. 3 1943, 500.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektar hvorrar þeirra, sé hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað in solidum, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hrl. Guðmundar Í. Guðmundssonar, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. maí 1944.

Nr. 63/1943. **Fulltrúaráð Verklýðsfélaganna á Akureyri**
(Stefán Jóhann Stefánsson)
gegn

Verkamannafélagi Akureyrarkaupstaðar
og

Verkakvennafélaginu Einingu
(Sveinbjörn Jónsson).

Mál til brígðar á húseign og til skaðabóta fyrir afnot hennar.

Dómur hæstaréttar.

Sigurður Eggerz bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 15. júlí 1943 og að fengnu áfrýjunarleyfi 28. júní s. á., gerir þær kröfur, að ákveðinn verði eignar- og umráðaréttur áfrýjanda að efri hæð hússins nr. 7 við Strandgötu Akureyri, ásamt lóðarréttindum, sbr. kaupsamning 28. sept. 1930, gegn greiðslu kaupverðs greinds eignarhluta, kr. 14000.00, svo og að stefndu verði dæmt að